

Verklagsreglur um starfsemi fagráðs eineltismála í grunnskólum.

1.gr.

Gildissvið.

Verklagsreglur þessar eru gefnar út í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum og taka til starfsemi fagráðs í eineltismálum í grunnskólum. Í 7. gr. reglugerðarinnar segir að foreldrar eða skólar geti óskað eftir aðstoð sérstaks fagráðs sem starfar á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn innan skóla eða sveitarfélags, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og aðkomu sérfræðiþjónustu.

2.gr.

Hlutverk fagráðs í eineltismálum í grunnskólum.

Fagráð í eineltismálum í grunnskólum hefur einkum tvíþætt hlutverk varðandi mál sem því berast og uppfylla framangreind skilyrði reglugerðarinnar. Í fyrsta lagi verður ráðið stuðningsaðili við skólasamfélagið. Í öðru lagi skal ráðið leita að fullnægjandi niðurstöðu í eineltismálum sé þess nokkur kostur eða gefa út ráðgefandi álit um úrlausn málsins á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga er ráðinu hefur borist í tilteknum málum.

3.gr.

Skipan fagráðs.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar fagráð eineltismála í grunnskólum. Það skal skipað þremur einstaklingum sem hafa þekkingu, menntun og reynslu á sviði eineltismála og úrvinnslu þeirra. Gert er ráð fyrir að í ráðinu verði félagsráðgjafi, náms- og starfsráðgjafi og sálfræðingur. Gert er ráð fyrir að ráðið hafi einnig aðgang að sáttalögmanni eða sérfræðingi eftir því sem þörf krefur.

4.gr.

Hlutverk verkefnisstjóra.

Verkefnisstjóri, sem starfar á vegum verkefnisstjórnar þriggja ráðuneyta (mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis og fjármálaráðuneytis) um aðgerðir gegn einelti í skólum og á vinnustöðum, starfar með hópnum, boðar til funda fagráðsins og undirbýr fundi þess. Hann tekur ekki þátt í formlegri afgreiðslu einstakra mála.

Verkefnastjóri skráir sérstaklega öll mál sem berast ráðinu í tölvuskrá og metur einstök mál m.t.t. þess hvort þau uppfylli skilyrði reglugerðarinnar til umfjöllunar og aðkomu ráðsins. Verkefnisstjóri vísar þeim málum sem ekki uppfylla skilyrðin til rétttra aðila allt eftir eðli málsins, t.d. til mennta- og menningarmálaráðuneytis, viðkomandi sveitarfélaga, grunnskóla eða fagaðila.

5.gr.

Vísun mála til fagráðs.

Foreldrar og stjórnendur grunnskóla geta vísað til fagráðsins eineltismálum sem þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og aðkomu sérfræðiþjónustu hefur ekki tekist að leysa innan skóla og sveitarfélags. Tilvísun eða ósk um að taka mál fyrir í ráðinu skal fylgja greinargerð ásamt afritum af gögnum málsins.

Ef foreldrar treysta sér ekki til að senda inn skriflegar greinargerðir um viðkomandi mál þá skal verkefnisstjóri skrá niður málavöxtu, annaðhvort með símtali eða bjóða upp á viðtal við fagráðið.

6.gr.

Starfshættir fagráðs.

Fagráðið skal hafa fasta fundartíma, a.m.k. tvisvar í mánuði og oftari ef þurfa þykir. Bregðast skal svo fljótt sem auðið er við einstökum málum og niðurstöður skulu liggja fyrir eins fljótt og nokkur er kostur.

Ef ráðið telur að ekki liggi fyrir nægilega greinargóðar upplýsingar skal ráðið leitast við að afla þeirra, annað hvort með formlegum hætti eða með viðtölum við málsaðila.

Í málsmeðferð sinni gætir ráðið að reglum stjórnssýslulaga, nr. 37/1993, t.d. hvað varðar andmælarétt aðila og meðalhófsreglu laganna.

Álit fagráðsins eru ráðgefandi en ráðið skal fylgja öllum málum eftir sem það tekur til umfjöllunar og afgreiðslu.

7.gr.

Meðferð upplýsinga og gagna.

Við meðferð og öflun persónuupplýsinga skal fagráðið gæta þess að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga samkvæmt fyrirmælum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og lögum um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985 með áorðnum breytingum. Gæta skal þess að upplýsingar sem aflað er séu viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang þeirra og að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum.

8.gr.

Skipunartími fagráðs og þóknun.

Fagráðið skal skipað frá 1. mars 2012 til ársloka 2013 og þá skilar fagráðið greinargerð til ráðuneytisins um starfsemi þess og í kjölfarið verður fyrirkomulagið metið. Um þóknun fyrir störf í ráðinu fer eftir fjölda mála og umfangi þeirra en verkefnisstjóri heldur utan um vinnuframlag fagráðsmanna.

9.gr.

Gildistaka.

Verklagsreglur þessar eru settar með stoð í 7. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/ 2011 og öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu 6. mars 2012.

Katrín Jakobsdóttir
Mennta- og menningarmálaráðherra